

## REGLUR

### um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands háskólaárið 2006-2007.

#### 1. gr.

##### *Takmörkun á inntöku í námsgreinar læknadeildar.*

Fjöldi nemenda á 1. námsári í lækisfræði takmarkast við töluna 48.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 25.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í geislafræði takmarkast við töluna 10.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í lífeindafræði takmarkast við töluna 15.

Um framkvæmd fjöldatakmörkunar í læknadeild gilda annars vegar reglur nr. 1042/2003, um inntöku nýnema í lækisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor og hins vegar reglur nr. 540/2005, um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði. Reglurnar eru aðgengilegar á vef læknadeildar.

#### 2. gr.

##### *Takmörkun á inntöku í námsgreinar hjúkrunarfræðideildar.*

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 80.

Um val nemenda til náms í hjúkrunarfræði gilda reglur nr. 502/2002, eins og þeim var breytt með reglum nr. 1026/2003 og reglum nr. 279/2006. Reglurnar eru birtar í kennsluskrá og aðgengilegar á vef hjúkrunarfræðideildar.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 10.

Um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði gilda reglur um það efni sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

#### 3. gr.

##### *Takmörkun á inntöku í námsgreinar tannlæknadeildar.*

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

#### 4. gr.

##### *Takmörkun á inntöku í námsgreinar hugvísindadeildar.*

Til þess að hefja nám í táknmálstúlkun að loknu námi í táknmálsfræði þarf nemandi að uppfylla skilyrði skv. 3. mgr. 103. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, með síðari breytingum. Nemendur eru teknir inn í námið á þriggja ára fresti, næst háskólaárið 2006-2007.

#### 5. gr.

##### *Takmörkun á inntöku í námsgreinar félagsvísindadeildar.*

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild verður sem hér segir:

##### *A. Inntaka nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda.*

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 90.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn, mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Greinargerð umsækjenda.
- d) Meðmælum.
- e) Kennaraskorti í ákveðnum greinum.
- f) Dreifingu nemendahópsins á kennslugreinar.
- g) Viðtölum, ef þurfa þykir.

*B. Inntaka nemenda í meistaranám í blaða- og fréttamennsku.*

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku takmarkast við töluna 21.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Dreifingu nemendahópsins á greinar.
- c) Reynslu af fjölmiðlastörfum.
- d) Reynslu af öðrum sviðum.
- e) Viðtölum.

*C. Inntaka nemenda í diplomanám á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf.*

Fjöldi nýrra nemenda í diplomanámi á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf takmarkast við töluna 25.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Meðmælum frá skólastjóra ef umsækjandi hefur kennslureynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- d) Persónulegum greinargerðum um forsendur og áhugasvið.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

Að auki kann að verða litið til dreifingar umsækjenda hvað varðar fyrstu prófgráðu, þannig að hlutfall nemenda verði sem jafnast með tilliti til greina sem þeir hafa lokið til B.A.-, B.Ed.- eða B.S.-prófs, ásamt kennsluréttindanámi.

*D. Inntaka nemenda í meistaranám í náms- og starfsráðgjöf.*

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (til M.A.-gráðu eftir viðbótar- eða diplomanám, 30 einingar) takmarkast við töluna 20. Miðað er við að jafnmargir nemendur verði teknir inn í fullt nám (10 nemendur) og hlutanám (10 nemendur).

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Meðmælum frá skólastjóra ef umsækjandi hefur kennslureynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- d) Persónulegum greinargerðum um forsendur og áhugasvið.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

*E. Inntaka nemenda í félagsráðgjöf.*

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf (til B.A.-gráðu með starfsréttindum, 120 einingar) takmarkast við töluna 30.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Annarri starfstengdri menntun.
- c) Starfsreynslu ásamt umsögnum frá yfirmanni viðkomandi stofnunar (á sviði félagsmála- og heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á).
- d) Persónulegum greinargerðum um fyrirhugað starfsval.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

*F. Inntaka nemenda í cand.psych. nám.*

Fjöldi nýrra nemenda í framhaldsnámi í sálfræði (til cand.psych.-gráðu með starfsréttindi skv. lögum nr. 40/1976) til 60 eininga takmarkast við töluna 15.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum á B.A.-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi.
- b) Nám að loknu B.A.-prófi í sálfræði og birtingum í ritrýndum tímaritum.

Nefndir, skipaðar starfsmönnum viðkomandi skora, annast val nemenda skv. liðum A-F. Nánari ákvæði um inntökuskilyrði og inntöku nemenda í þessar greinar er að finna í kennsluskrá og á vef félagsvísindadeildar.

6. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2006-2007.

*Háskóla Íslands, 24. mars 2006.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*